Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

# Blásalir

# Skólanámskrá

# 2023 – 2024



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans ........ 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 4

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 ........ 5

3 Innra mat xxx deildar ........ 11

4 Innra mat sérkennslu ........ 24

5 Innra mat – fjöltyngd börn ........ 24

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ........ 25

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ........ 26

8 Foreldrasamvinna ........ 27

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 28

10 Fylgigögn ........ 28

**10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs ........ Error! Bookmark not defined.**

## Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans er:

Heilbrigð sál í hraustum líkama” vísar til þess að börnin þurfa að borða hollan mat, fá góða hreyfingu og reglulegan svefn til að geta notið leikskóladvalarinnar.

Gildi leikskólans eru

Virðing

• Sýnum umhyggju og hjálpum hvort öðru. • Hlustum á og virðum skoðanir og tilfinningar. • Göngum vel um, jafnt úti sem inni.

Gleði

• Njótum þess að gera sjálf og gleðjumst yfir því sem við getum. • Gerum tilraunir og leyfum sköpunargleði að njóta sín. • Verum vinir og hlæjum saman.

Hreysti •

• Borðum hollan mat. • Hreyfum okkur og hvílum. • Njótum útiveru, hvernig sem viðrar. • Blómstrum í góðra vina hóp.

Sköpun

• Gerum athuganir og uppgötvanir. • Fylgjumst með náttúrunni. • Njótum þess að skapa með mismunandi efnivið

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Greinargerð leikskólastjóra skólaárið 2022 til 2023

Haustið fór að stað með hefðbundnum hætti starfsmenn voru ráðnir inn og aðlögun barna var lokið í byrjun október.

Við völdum að taka sjálfseflingu annað árið í röð sem okkar þátt í menntastefnu Reykjavíkurborgar og nýttum starfsdaga haustsins í að fá fyrirlesara fyrir starfsfólk um skjálfseflingu og með sérstakri áherslu á yngstu börnin. Hrönn Pálmadóttir dósent hefur verið leiðsagnaraðili hjá okkur og hefur hún fylgt starfsmönnum eftir á deildarfundum. Sú aðferð sem við beitum í sambandi við félagslega sjálfseflingu er að taka vídeó af samskiptum barna og fullorðinna og skoða saman á deildarfundum og sjá jákvæð samskipti sem ýtir börnunum áfram í félagslegri sjálfseflingu. Vinatengsl eru að myndast og mikilvægt er að hlúa að þeim og leiðbeina börnunum á réttan hátt. Hrönn fór einnig með okkur í námsferð til Spánar og var þar með námskeiðsdag þar sem við fórum yfir vídeó og lærðum saman og settum okkur markmið fyrir komandi skólaár.

Við erum þátttakendur í Nordplus verkefni ásamt Eislandi og Litháen verkefnið heitir Green Corners. Það tengist vel þeim grænu gildum sem við höfum haldið í heiðri. Markmiðið er að stuðla að aukinni umhverfisvitund í daglegu lífi barnanna. Með því móti að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að auka færni þeirra á að takast á við umhverfismál og græn gildi síðar á ævinni. Gróðursetning og ræktun hefur verið gegnum gangandi ferli í gegnum allt skólaárið og höfum við fengið foreldra til að taka þátt í þessum verkefnum með okkur. Á opnu húsi í maí skreyttu börn og foreldrar blómapotta og settu niður afleggjara sem við starfsfólkið höfðum safnað saman um nokkurn tíma. Pottablóm hafa síðan verið í anddyri skólans fyrir alla þá sem vilja taka með sér heim og rækta. Pottablóm bæta loftgæði í húsum og stuðla að jafnara rakastigi.

Heimahagar er verkefni sem Blásalir, Rauðaborg, Heiðarborg og Selásskóli vinna saman að með elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans. Verkefnið heitir Heimahagar og íslenski hesturinn og var styrkt af Sprotasjóði. Þetta var seinna árið af þessu tveggja ára verkefni sem heppnaðist mjög vel.

Matartíminn sér nú um fæðið í leikskólanum síðan í febrúar og höfum við verið að aðlagast því að hafa ekki matráð sem við getum haft áhrif á frá degi til dags. Það varð líka til þess að vinna við þvottahús fór yfir á okkur stjórnendur og einn starfsmann.

Námsferð var farinn í maí til Tenerife og var sú ferð vel skipulögð og heppnaðist vel.

Í vetur hafa verið mikil veikindi í starfsmannahópnum ásamt langtímaveikindum og hefur það sett strik í reikninginn varðandi viðveru barna. Höfum við því þurft óvenju oft að senda börn heim í vetur. Þetta hefur verið þungur vetur og mikið álag á stjórnendur og aðra starfsmenn sem hafa mætt. Við höfum þó fylgt skóladagatali og þeim markmiðum sem við höfum sett okkur eins vel og aðstæður leyfð

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

**Innra mat**

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Menntastefna: sjálfsefling.**<br><br>**Marte meo**<br><br>**Skipulagðir hópleikir,**<br><br>**Barn vikunnar** | Spurningum svarað skriflega<br><br>Umræður á starfsdegi og deildarfundum.<br><br>Einnig fóru umræður milli stjórnenda á deildarstjórafundum þar sem við veltum við steinum og skráðum. | Allt starfsfólk leikskólans. | Nú hefur aðferðin verið í þróun í leikskólanum í 2 vetur, almenn ánægja er með aðferðina og finnst starfsfólki það vera farið að tileinka sér aðferðina. „erum mjög dugleg að fara á gólfið í hæð barnanna. Leggja orð á hluti, hjálpa þeim í þeirri uppgötvun að þau geti gert hlutina sjálf og efla sjálfstraust þeirra. Einnig erum við líka mjög dugleg að hlusta á þeirra mál sem er oft í gegnum þeirra líkamstjáningu hvað þau vilja eða vantar“. Hrönn Pálmadóttir mun koma til okkar á starfsdag í haust með námskeiðsdag og teljum við að aðferðin ætti þá að hafa fest í sessi í leikskólanum.<br><br>Miklar mannabreytingar og veikindi á elstu deild gerðu það að verkum að skipulagðir leikir voru ekki |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | eins markvissir og við vildum. |
| **Uppeldis og menntastarf**<br><br>**Aðgengi að efnivið**<br><br>**Útivera**<br><br>**Dagskipulag** | Spurningum svarað skriflega<br><br>Umræður á starfsdegi og deildarfundum.<br><br>Einnig fóru umræður milli stjórnenda á deildarstjórafundum þar sem við veltum við steinum og skráðum. | Allt starfsfólk leikskólans | Mikið úrval af efnivið fyrir börnin er til í skólanum. En það mætti gera betra skipulag og betra aðgengi fyrir börnin. Hafa aðgengi að verðlausum efnivið meira.<br><br>Útivera er á hverjum degi. Útival á sumrin gerir starfið fjölbreyttara og meiri tilboð fyrir börnin, starfsfólk er duglegt að fara í ferðir með börnin en aðeins misjafnt eftir deildum.<br><br>Dagskipulag er gott, en stytting starfsfólk gerir það að verkum að ekki má mikið út af bregða. |
| **Læsi** | Málörvunaráætlun leikskólans endurmetin | Allt starfsfólk leikskólans | Málörvunaráætlun er fyrir hvern árgang. Farið var yfir áætlunina og ráðstafanir gerðar til þess að bæta hana og endurgera. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Nordplus verkefni** | Spurningarlisti | Allt starfsfólk leikskólans. | Leikskólinn tekur þátt í NordPlus verkefni Green Corner. Verkefnið hefur verið góð viðbót í grænfánastarfið.<br><br>Almenn ánægja er með verkefnið. |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

**Ytra mat**

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>**Lögð var könnun fyrir foreldra vor 2023** | Spurningarlisti | Foreldrar | Styrkleikar könnunar er gott viðmót og samskipti við starfsfólk, barninu líður vel í leikskólanum, og starfsfólk styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu.<br><br>Heildaránægja með leikskólann hefur lækkað og viljum við leggja áherslu |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | á að bæta ákveðna þætti sérstaklega.<br><br>Munum við leggja áherslu á að upplýsa foreldra sérstaklega í upphafi skólagöngu um stefnu og áherslu leikskólans.<br><br>Allir foreldrar verða boðaðir á upplýsingafund áður en barnið byrjar þar sem það fær greinagóðar upplýsingar og tækifæri til samtals.<br><br>Fyrir foreldraviðtöl fá allir foreldrar fá send heim eyðublöð þar sem þeir geta metið framfarir barnsins og búið síðan til einstaklingsnámskrá með deildarstjóra. Í viðtölum verða foreldrar upplýstir um framfarir barnsins .<br><br>Foreldrum er haldið upplýstum með fréttabréfum um leikskólastarfið og skipulag |

**Umbótaáætlun leikskólans 2023-202**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Menntastefna Heilbrigði í leikskóla | Efla og styrkja þennan þátt í starfi leikskólans | Farið verður yfir Gátlista menntastefnu Reykjavíkurborgar og útbúin áætlun sem unnið verður að í vetur. | Stjórnendur, allt starfsfólk leikskólans | Ágúst 23 | Maí 24 | Endurmat á Deildarstjóra fundum og starfsdögum og sérstakir matsfundir reglulega | Farið verður yfir gátlista menntastefnu í lok árs. |
| | | | | | | | |
| Innramat | | | | | | | |
| | Að meta alla þætti leikskólastarfsins | Matsnefnd hefur verið skipuð og undirbýr | Leikskólastjóri | Ágúst 23 | Maí 24 | Endurmat á | Allir þættir leikskólast |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | reglubundið | matsáætlun fyrir skólaárið 23-24 | | | | Deildarstjóra fundum og starfsdögum og sérstakir matsfundir reglulega | arfsins metnir eftir áætlun. |
| Upplýsa foreldra til um stefnu og áherslu leikskólans. | Foreldraviðtöl/ fundur fyrir nýja foreldra í upphafi leikskólagöngu | Munum við leggja áherslu á að upplýsa foreldra sérstaklega í upphafi skólagöngu um stefnu og áherslu leikskólans. | Stjórnendur leikskólans | Ágúst 23 | Maí 24 | Endurmat á Deildarstjóra fundum og starfsdögum og foreldrakönnun | 90% ánægja foreldra |
| Þátttaka foreldra Í að meta framfarir barnsins | Þátttaka foreldra Í að meta framfarir barnsins | Fyrir foreldraviðtöl fá allir foreldrar fá send heim eyðublöð þar sem þeir geta metið framfarir barnsins og búið síðan til einstaklingsnámskrá með deildarstjóra. Í viðtölum | Stjórnendur leikskólans | Ágúst 23 | Maí 24 | Endurmat á Deildarstjóra fundum og foreldrakönnun | 90% ánægja foreldra |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | verða foreldrar upplýstir um framfarir barnsins . | | | | | |

## 3 Innra mat xxx deildar

## Greinargerð Guludeildar veturinn 2022-2023

Veturinn gekk vel, 16 börn eru á deildinni og er barnahópurinn samrýmdur.  Í haust komu þrír nýir starfsmenn á deildinna ein vön í húsi. Einn starfsmaður er í hlutastarfi til að leysa af undirbúning starfsmanna.  Aðlögun gekk vel og veturinn í heild sinni þrátt fyrir mikil veikindi í húsi. Barnahópurinn er ljúfur og gekk vel að halda utan um barnahópinn með þeirra vellíðan í huga. Álag á starfsfólk var töluvert sökum veikinda og duttu t.a.m deildafundir og undirbúningur starfsfólks oft niður sökum manneklu. Haldið var áfram með sjálfseflingu þetta skólaárið og var Hrönn Pálmadóttir áfram til aðstoðar með innleiðingu Marte meo aðferðina, þar sem nýtt starfsfólk kom inn í húsið, einnig til að festa Marte meo  betur í sessi. Aðferðin  snýst um að efla góð samskipti, sjá og efla styrkleika barnsins. Einnig  er áhersla á að hafa gott aðgengi að fjölbreyttu leikefni sem börnin geta sótt sér eftir áhugasviðum til að efla sjálfstæði barna.

Lífbreytileikinn var áframhaldandi verkefni Grænfánans sem við erum dugleg að flétta við útinám og sjálfseflingu.

Blásalir taka þátt í Nord Plus verkefni með Litáen og Eistlandi. Í því verkefni er ræktun og náttúran í aðalhlutverki sem fléttast vel með Grænfánanum og útinámi deildarinnar. Gaman væri að taka þátt í fleiri verkefnum.

**Umbætur síðasta skólaárs**

<u>Marte meó ( kennarar)</u>

**Styrkleikar**
Starfsfólk tók vel í verkefnið og varð öruggara með sjálfan sig í vinnu sem skilaði sér vel í öryggi barnanna.

**Tækifæri til umbóta**

Kynna verkefnið betur fyrir nýju stafsfólki strax í  byrjun vetrar til að gefa þeim innsýn í hvað það snýst um. Þannig komum við í veg fyrir óöryggi meðal starfsmanna þegar kemur að þeirra myndatöku.

<u>Marte Meo (börn)</u>

**Styrkleikar**

Við buðum upp á fleiri svæði eins og t.d. föt  eins þar sem börnin gátu klætt sig í að vild. Einnig aðgang að hreyfisvæðum þar sem börnin gátu fengið útrás fyrir hreyfigetu sína.  Þetta skilaði sér í sjálfstæðari og öruggari börnum.

**Tækifæri til umbóta**

Bæta  enn frekar við endurunnum og óhefðbundnari efnivið inn á deild.

<u>Sjálfsefling í útinámi</u>

**Styrkleikar**

Við byrjuðum strax í aðlögun að fara með börnin í litlum hópum út fyrir girðinguna. Í allan vetur var farið í styttri göngur með öll börn reglulega. Þegar voraði voru öll börn búin að læra að halda hópinn og grunnreglur sem þarf í ferðum. Börnin eru það hrifin af ferðum í dag að þau vilja helst alltaf fara eitthvað daglega. T.d  var farið með alla deildina á  Árbæjarsafn og gekk sú  ferð mjög vel.

<u>Listir</u>

**Styrkleikar**

Vorum mjög dugleg að gera fjölbreytt verkefni sem örvaði börnin á ýmsa vegu t.d mála, líma, klippa og margt fleira.

**Tækifæri til umbóta**

Vera með grunn efnivið svo sem liti, blöð og annað sem börnin ráða vel við í þeirra hæð sem þau geta valið að leika sér með. Þetta kemur þó ekki inn fyrr en í janúar, þegar börnin eru örugg á deildinni.

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Marte Meó | Taka videó af starfsfólki | Eitt videó að hausti og tvö að vori. | Allir starfsmenn á deildinni eru þátttakendur<br><br>Deildastjóri ber þó ábyrgð á verkefninu. | Haust 2023 | Vor 2024 | Metið á deildarfundum.<br><br>Einusinni að hausti og tvisvar á vorin. | Efla starfsmenn í starfi. |
| Hreyfi stundir | Auka hreyfistundir innandyra þegar veður býður ekki upp á | Koma fyrir þrautabrautum sem bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu t.a.m Skríða undir, hoppa | Allir starfsmenn á deildinni eru þátttakendur þó aðalega | Haust 2023 | Vor 2024 | Metið reglulega á deildarfundum. Þar verður skoðað hvort þurfi að | Að öll börn finni til sín og hafi trú á eigin getu og þori að |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | útinám. Efla sjálfsörygg i barna á eigin getu. | ,klifra, jafnvægi og fleira. | deildarstjó ri með öðrum starfsman ni.<br><br>Deildastjór i ber ábyrgð á verkefninu . | | | aðlaga eða breyta til. | takast á við fjölbreytt verkefni og finni fyrir öryggi og trúi á eigin getu í ólíkum aðstæðu m. |

## Greinagerð Bláudeildar 2022-2023

Veturinn gekk vel, það fjölgaði á deildinni og í lokin urðu börnin 15. Einn nýr starfsmaður byrjaði á deildinni. Það voru mikið um veikindi starfsmanna og barna í vetur og einnig um langtíma veikindi. Mikið álag var á því fólki sem var í húsi, en viljinn var mikill til að láta hlutina ganga upp. Barnahópurinn var fjölbreyttur en mjög samrýmdur. Vorum við með börn frá 1 árs til að vera 3 ára. Það var mikið um fyrstu börn foreldra í hópnum svo það fór mikill tími í að kenna börnunum að leika saman og deila hlutum. Þegar leið á veturinn sáum við vinasambönd myndast milli eldri barnanna, sem var dásamlegt.  Deildarstjóri fór í langtíma veikindaleyfi og tók nýr deildarstjóri við í byrjun júní. Þema menntastefnu þetta skólaár var sjálfsefling og fengum við Hrönn Pálmadóttur til að aðstoða okkur við að innleiða Marte meo aðferðina. Marte meo stefnan fellst í því að efla góð samskipti og sjá styrkleika barnsins. Lögðum við mikla áherslu á sjálfseflingu í gegnum leik, að börnin lærðu að leika sér sjálf að hlutirnir væru ekki gerðir fyrir þau. Lögðum við einnig mikla áherslu á að hlusta á þarfir barnanna og þeirra mál, hvert barn er misjafnt er og hvað hentar hverju barni.

Starfsmenn voru mjög duglegir að leggja orð á alla hluti og setjast á gólfið í þeirra hæð og spjalla. Með eldri börnum var spilað meira og þar fléttaðist inn meiri málörvun.

**Umbætur síðasta skólaárs**

Læsi

Ætluðum við að hafa lista með nöfnum barna sýnilegan til þess að merkja fyrir hvern var lesið. Vegna mikillar manneklu og veikinda barna heppnaðist ekki að halda utan um þennan lista.

**Styrkleikar**

Starfsfólk var mjög duglegt að setjast niður þegar stund gafst og lesa með þeim börnum sem voru mætt og voru Bablarar  og hundurinn Depill í miklu uppáhaldi hjá börnum. Vorum við líka með bækur í þeirra hæð svo börn höfðu val um að ná sér í bók og skoða sjálf eða koma með til starfsmanna og þau lásu saman. Starfsmenn vori einnig duglegir að leggja orð á hluti við öll tækifæri

**Tækifæri til umbóta:**

Auka myndmál á deild, gera sýnilegt og aðlaðandi fyrir börn svo það dragi þau að sér og auki forvitni.
Samstarf Leiksóla og heimilis

**Styrkleikar**

Lóa lamb var send heim með börnum yfir helgi. Gafst börnum tækifæri til að eiga góða helgi með Lóu og koma svo í leikskólann og segja hinum börnunum frá ævintýrum helgarinnar. Börn komu einnig með bók að heima svo kennari og barn lásu saman fyrir restina af deildinni.

**Tækifæri til úrbóta:**

Ætlum byrja að senda Lóu heim fyrr og hafa betri skráningum um hver og hvenær Lóa fór heim með barni, þar með gera fleirum kleift að ganga inn í verkefnið ef veikindi starfsmanna koma upp. Kynna verkefnið betur fyrir öllu starfsfólki svo það sé ekki bara einn starfsmaður sem ber einn ábyrgð.

Barn vikunnar

**Styrkleikar**

Í vetur vorum við með barn vikunnar. Það var eitt barn valið sem fékk að vera aðstoðarmaður kennara í hinum ýmsu verkefnum. Með þessi vorum við í leið að hvetja til meiri sjálfeflingar. Barn aðstoðaði við að ná í matinn og leggja á borð auðvelda hluti. Þau hjálpuðu einnig kennara að ganga frá og leggja hvíld.

**Tækifæri til úrbóta:**

Myndræn skráning þar af leik og/eða  verkefnavinnu barnsins og sett í ferilmöppu.

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Marte Meo Sjálfshjálp | Efla sjálfsöryggi barna og trú á eigin getu. Það sem varðar alla sjálfshjálp | Hafa fata kassa inna deild sem er hægt að nota í leik. Þar með æfa þau sig í að klæða sig í og úr fötum. | Allir starfsmenn eru þátttakendur en deildarstjóri fylgir eftir með því að leiðbeina og fara yfir á deildarfundum | Haust 2023 | Vor 2024 | Deildarfundir notaðir í umræður og mat. | Að öll börn finni viljan til að reyna að klæða sig sjálf og þau geti í lok klætt sig í einfaldan fatnað. |
| Málörvun | Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna með því að hafa orð á öllum | Hafa mun meira af myndmáli sýnilegt fyrir börn. Gera það | Allir starfsmenn eru þátttakendur og sér deildarstjóri um að myndmál sé aðgengilegt | Haust 2023 | Vor 2024 | Rætt á deildarfundi hvernig gengur og hvort eitthvað vanti til frekari starfs og hvort þarf | Munum finna leiðir til að auka lesstundir með börnunum. Endurtaka það sem þau |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | hlutum og auknum bókalestri. Myndmáli ð verður notað til að auka málskilnin g. . | aðlagand i svo það veki áhuga barna. Gegnum einfalda leiki, æfa orð á litum, tölum, fatnaði. | og efniviður sé til staðar. | | | að breyta eða bæta | eru að reyna að segja Fara inn í leik barna og hafa orð á því sem er að gerast. Markmiði ð er að auka orðaforða og málskilni ng þeirra. |

## Innra mat Grænudeildar 2022-2023

Aðlögun stóð yfir frá 22. ágúst og fram í miðjan september. Fimm börn komu af gulu- og bláudeild og aðlögun gekk vel. Þar með voru börnin orðin 16, tíu strákar og sex stelpur. Eitt barn sem kom af guludeild hætti fljótlega. Haustið einkenndist af aðlögun barnanna sem stóð yfir fram að jólum og starfsmannahópurinn breyttist. Einn starfsmaður fór á bláudeild, einn kom nýr inn og fyrrverandi starfsmaður kom til baka úr fæðingarorlofi. Tvö ný börn komu í október, eitt í nóvember og eitt í desember og voru börnin þá 18 talsins.

### Deildarstarfið á skólaárinu

Haldið var áfram með tvískipta samverustund bæði á morgnana og í hádeginu auk þess að skipta börnunum í litla hópa í frjálsum leik. Haldið var áfram með vikulegar stafavísur úr „Lubbi finnur málbein – íslensku málhljóðin sýnd og sungin“ fyrir matmálstíma en það skipulag er ekki að henta deildinni og betra að vinna með Lubbavísurnar í tvískiptri samverustund. Haustið gekk vel framan af en frá seinni hluta október og langt fram á nýtt ár var mikið um veikindi á öllum deildum og viðvarandi mannekla. Í haust var haldið áfram með útinámshópana sem fóru í vettvangsferðir en eftir jólin náðum við ekki að fara reglulega á mán-, þri- og miðvikudögum vegna manneklu og veðurs. Í byrjun apríl var opið hús þar sem foreldrar gróðursettu afleggjara með börnunum. Viðburðurinn var

hluti af Nordplus verkefni. Verkefnið *barn vikunnar* gekk mjög vel og náðu öll börnin að fara heim með Bussa og dagbókina fyrir lok apríl. Foreldrar tóku vel í verkefnið og gerðu skemmtilegar skráningar með barni og Bussa í helgarfríi. Tvö börn hættu á deildinni í lok mars og eitt kom af guludeild í byjun apríl. Aldursbilið á deildinni var orðið mjög breitt eftir áramótin og vinnan með börnunum því talsverð áskorun þar sem yngsta barnið er fætt í október 2020 en þau elstu í júlí 2019. Áherslan var áfram lögð á að vinna með elsta hópinn sér og gerðum við tilraun með að vinna með þrjá hópa (6 börn í hóp) en það reyndist ekki vel að vera með elstu börnin í samveru og hvíld í kjarna. Foreldraviðtöl fóru fram í mars og var áfram boðið upp á símaviðtal. Börnin á Grænudeild voru 17 í lok skólaársins.

**Umbótaþættir skólaárið 2022-2023**

**Læsi – sýnileiki ritaðs máls á deild**

Ákveðið var að halda áfram með sýnileika ritaðs máls á deildinni. Til dæmis voru sett orð yfir árstíðir á vegg með árstíðartengdum verkefnum.

**Styrkleikar:**

Með því að setja ritað mál við myndir sem auðveldar bæði starfsmönnum og börnum að tengja orðin við myndir og stuðla þannig að málörvun.

**Málörvun – myndrænt skipulag**

Dagskipulagið var áður myndrænt upp á vegg en nú er farið yfir skipulagið í samverustund og starfsfólk er með myndir á sér til þess að auðvelda ákveðnum börnunum að fylgjast með næstu verkefnum og að sjá hvað er fram undan í starfinu.

**Styrkleikar:**

Gott skipulag sem auðveldar samskipti barna og starfsfólks. Gekk vel og verður áfram sem umbótaþáttur ásamt því að taka aftur upp að „gefa 10“ þar sem haldið verður vel utan um skráningar þannig að öll börn fái „10“ og allir starfsmenn taki þátt.

**Skráningar – auka foreldrasamstarf**

Vikuleg fréttabréf þar sem farið er yfir starfið í máli og myndum er sent til foreldra á föstudögum. Fréttabréfin eru unnin í SWAY þar sem auðvelt er að setja inn myndir, texta og upplýsingar til foreldra. Ferilmöppur eru til sýnis á „opnu húsi“ og haldið verður áfram með þetta skipulag þar sem foreldrar eru flestir mjög ánægðir með þetta skipulag.

**Styrkleikar:**

Með vikulegu fréttabréfi fá foreldrar tækifæri til að nýta sér myndir úr starfinu til málörvunar heima og læra nöfn á samnemendum barna sinna. Foreldrar fylgjast betur með starfinu og verða virkari í samskiptum.

**Tækifæri til umbóta:**

| UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Málörvun: | | | | | | | |
| Auka lestur og samræður við börnin | Lesa markvisst og reglulega | Börnin skiptast á að velja bækur | Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt. | 1. sept | 1 jun | Hafa bókaorm sýnilegan á deild þar sem skráðar eru lesnar bækur. Börnin taka þátt í að setja spjaldið fyrir aftan hausinn á orminum og sjá hann lengjast. | Efla málþroska og orðaforða. Sjálfsefling. |
| Myndrænt skipulag | Hafa dagskipulag á mynd-rænu formi til að auðvelda tvítyngdum börnum að skilja skipulagið | Hafa dagskipulag myndrænt | Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt. | 1. sept | 1 jun | Framfarir og upplýsingar um máltöku skráðar í samskiptabækur | Auðveldar samskipti starfsfólks og barna |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | og læra ný orð. | | | | | | |
| Lubbi | Halda áfram með vikulegar stafavísur | Í samveru-stund á morgnana | Allir deildar-starfsmen n | | | Höfum gögn sýnileg inni á deild | Að börnin nái að þekkja íslensku málhljóðin |
| Sjálfsefling: | | | | | | | |
| Barn vikunnar | Halda áfram með Bussa og dagbók. Bæta við hlutverku m alla vikuna. | Fara eftir skipulagi alla daga vikunnar, þjónn, velja bók ofl. | Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmen n taka þátt. | 1 okt | 1 jun | Allir starfsmenn sjá um að skráningar fari í ferilmöppur. | Sjálfsefling barna. Bæta foreldrasamsta rf |
| Samstarf heimilis og skóla | Fá fleiri skráningar að heiman fyrir kennara að vinna með í málörvun og sjálfsefling u barnanna | Fá myndir að heiman og upplýsingar um fjölskyldur og áhugamál barnanna | Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmen n taka þátt. | 1. sept | 1 jun | Deildarstj. ber ábyrgð. Allir starfsmenn sjá um að skráningar fari í ferilmöppur | Sjálfsefling barna. Bæta foreldrasamsta rf |

## Greinagerð Rauðudeildar 2022-2023

Á deildinn voru 23 börn á aldrinum 3-6 ára. Nýr deildarstjóri tók við deildinni haustið 2022. Auk hennar byrjuð 3 nýir starfsmenn á deildinni. Tveir vanir starfsmenn voru á deildinni og annar þeirra sinnti sérkennslu. Deildarstjóri fór í langtíma veikindi eftir áramót og hætti síðan í kjölfarið. Mikil veikindi voru á öðrum starfsmönnum deildarinnar. Reyndasti starfsmaður deildarinnar tók við deildarstjórn.  9 börn á deildinni eru tvítyngd og 3 börn með annað foreldri með annað móðurmál. Lögð var áhersla á málörvun, lestur bóka og góð samskipti.  Elstu börnin fóru í Heimahaga, Selásskóla og tóku þátt í Barnamenningarhátíð. Börnin tóku þátt í öllum viðburðum og skipulagi leikskólans. Nordplus verkefni leikskólans og barn vikunnar var gert með mikilli prýði. Ekki var gert endurmat vegna umbótaáætlunar árið 2022-23. Farið verður yfir umbótáætlun síðasta árs með starfsmönnum deildarinnar í haust og hún notuð aftur fyrir næsta vetur.

| UMBÓTAÞ ÁTTUR/ MATSÞÁTT UR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lo kið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Lubbi finnur málbein | Halda áfram með Lubbavís urnar vera með hverja vísu tvær vikur í senn | Í morgun samveru | Deildarstj óri. Allir starfsmen n deildarinn ar virkir í verkefnin u | Sept 2022 | Ma i 20 23 | Nota Lubba bókina lesa söguna fyrir hvern staf skapa umræður um orðin sem koma fyrir í sögunni | Börnin fái tækifæri til að þekkja íslensku málhljóðin |
| Málörvun fyrir fjöltyngd börn og börn með seinkaðan málþroska | Að gefa tvítyngd um börnum og börnum með seinkaða n | Nota aðferðina „gefðu 10“ | Allir kennarar á deildinni. Einn kennari valin til að leiða verkefnið | Okt 2022 | Ma i 20 23 | Kynna aðferðina vel fyrir starfsfólki. skráningarblöð. Einbeita sér að einu til tveimur börnum yfir ákveðið tímabil. | Farið yfir skráningar blöðin tvisvar í mánuði á deildarfun dum og rætt um |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | málþroska aukin tíma | | yfir tímabilið. Allir kennarar skrá niður á skráningablöðin. | | | | hvernig gengur. |
| Hlutverk kennarans í leikumhverfi barnanna | Að kennarar líti á frjálsa leikin sem námsleið og mikilvægi þess að vera styðjandi í samskiptum í leik barna | Vera með myndbandsupptökur af samskiptum starfsfólks og barna í frjálsum leik | Deildarstjóri og kennarar á deildinni | Nóvember 2022 | Mars 2023 | Deildarfundir notaðir til að skoða myndböndin og greina og þau skapa umræður um það sem er að gerast í myndskeiðunum. | Allir kennarar á deildinni séu meðvitaðir um að hver stund er námstækifæri fyrir barnið |
